



Til bæjarráðs

Kópavogi, 6. nóvember 2023

23091998/005.05 ABS

23091998 - Ósk bæjarfulltrúa Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur um upplýsingur varðandi leikskólapláss

Frá Sigurbjörgu Erlu Egilsdóttur bæjarfulltrúa, óskað er upplýsinga um aldur þeirra barna sem boðið var að hefja leikskólagöngu í Kópavogi haustið 2023 og til samanburðar stöðuna haustin 2022, 2021 og 2020. Einnig óskað eftir upplýsingum um hversu mörg leikskólapláss bíða úthlutunar í Kópavogi vegna vöntunar á starfsfólki í hverjum leikskóla fyrir sig.

Aldur yngstu barna við árlega innritun í upphafi skólaárs er breytilegur milli ára. Mismunandi stærð árganga er sá þáttur sem mest áhrif hefur hverju sinni og því gefur ekki endilega rétta mynd að bera saman aldur barna sem hefja leikskólagöngu milli mismunandi ára. Auk þess hefur mikil áhrif á innritun hvernig gengur að manna stöður á leikskólum hverju sinni.

Mönnun í leikskólum Kópavogs hefur almennt gengið vel í haust og þrátt fyrir að talsverðar pestir og veikindi hafi herjað á stofnanir hefur ekki komið til þess að loka hafi þurft deildum á leikskólum. Nýjar breytingar í leikskólamálum í Kópavogi og styttri dvalartími barna hefur haft jákvæð áhrif á skipulag leikskólastarfs og meðal annars gert stjórnendum betur kleift að halda úti fullu leikskólastarfi.

Undanfarin tvö ár hafa stórir árgangar verið innritaðir í leikskóla á meðan talsvert minni árgangar voru útskrifaðir. Árgangar 2020 og 2021 eru þeir stærstu í um 10 ár. Árgangur 2022 er hins vegar talsvert minni sem gefur vísbendingar um að innritunaráldur verði lægri á árinu 2024. Útlit er fyrir að árgangur 2023 verði sambærilegur að stærð og árgangur 2022. Hér að neðan má sjá fjölda barna eftir árgöngum.

Fæðingar ár	2022	2021	2020	2019	2018	2017
Fjöldi barna eftir árgöngum	432	526	525	470	475	445

Hér að neðan má sjá aldur yngstu barna við innritun (í ágúst/sept.) á hverju ári fyrir sig. Árið 2022 voru yngstu börn við innritun fædd í apríl árið á undan og voru því 16 mánaða við innritun í ágúst. Búið er að bjóða öllum börnum fæddum í febrúar 2022



pláss. Innritun yngstu barna er þó ekki lokið en framhald innritunar fer eftir því hversu hratt gengur að ráða í lausar stöður.

	2020	2021	2022	2023
Fæðingarmánuður yngstu barna við innritun ár hvert	Jún	Maí	Apr	*Feb

Miðað við upplýsingar úr Völu 30. okt. (sbr. tafla hér að neðan) og samsetningu barnahóps í einstökum leikskólum eru 43 laus pláss í leikskólum Kópavogs fyrir börn fædd 2022.

	Laus pláss m.v. fulla mönnun		
	yngstu börn (2022)	eldri börn (2021 og eldri)	Samtals
Aðalþing			0
Arnarsmári			0
Austurkór	2		2
Álfaheiði			0
Álfatún		2	2
Baugur	11		11
Dalur			0
Efstihjalli	2	3	5
Fagrabrekka			0
Fífusalir	6		6
Furugrund		5	5
Grænatún			0
Kópahvoll		1	1
Kópasteinn		4	4
Kór	22	17	39
Lækur		3	3
Marbakki			0
Núpur		3	3
Sólhvörf		6	6
Rjúpnahæð			0
Urðarhóll			0
Samtals	43	44	87

Eins og taflan gefur til kynna er meirihluti lausra pláss í tveimur leikskólum í bænum, sem hafa verið að takast á við óvænt langtímaveikindi í haust auk erfiðleika við að manna lausar stöður. Þar af er meiri hluti lausra pláss í leikskólanum Kór. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðilum Kórs, Skólum ehf., hafa verið talsverð veikindi í haust auk þess sem erfiðlega hefur gengið að ráða í lausar stöður hjá þeim. Óvænt langtímaveikindi hafa haft mikil áhrif á starfið í leikskólanum Baugi en ráðningar ganga hinsvegar vel eins og staðan er núna og útlit fyrir að mönnun fari að leysast þar. Innritað verður í laus pláss um leið og tækifæri gefst. Tekið skal fram að tölur um fjölda barna taka reglulegum breytingum.



Í leikskólunum eru jafnframt laus 44 pláss fyrir eldri börn, þ.e. fædd 2021 og eldri. Á biðlista eru hinsvegar aðeins 29 börn á þeim aldri og flest þeirra hafa nú þegar fengið boð um leikskólapláss. Í mörgum tilvikum hafa foreldrar hafnað boði um pláss og kosið að bíða eftir þeim leikskóla sem var í fyrsta vali hjá viðkomandi. Flest eldri barna eru nýlega flutt í sveitarfélagið og þá í leikskóla í því sveitarfélagi sem flutt var frá.

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Sigurlaug Bjarnadóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar

